

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 16. mars 2022 í máli nr. 65/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 15. júlí 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér 94.890 krónur.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 1. september 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi þann 3. september 2021, sem mótttekið var f.h. varnaraðila þann 18. nóvember 2021. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, staðfesting á kaupum þeim sem deilt er, smáskilaboð dags. 27. júní 2021 og tölvupóstur sóknaraðila til varnaraðila dags. 30. júní 2021.

Með bréfi, dags. 7. janúar 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili leigði bifreið af gerðinni Renault Traffic Campervan af varnaraðila frá 21. til 28. júní 2021. Leigugjald var samkvæmt leigusamningi aðila að fjárhæð 94.890 krónur.

Að sögn sóknaraðila var ástandið á bifreiðinni ekki gott, hún hafi verið illa farin að utanverðu og erfitt hafi verið að loka hurðum en ekki hafi verið unnt að fá annan bíl leigðan frá varnaraðila. Þann 24. júní 2021 kveðst sóknaraðili hafa orðið var við bilun í bifreiðinni þegar hann hafi verið staddur á Akureyri. Sóknaraðili hafi þá lagt bifreiðinni í bílastæði og haft samband við varnaraðila. Að frumkvæði varnaraðila hafi dráttar bifreið verið fengin til að draga bifreiðina á verkstæði þar sem hún hafi fengið skoðun viðgerðarmanns. Varnaraðili hafi hins vegar hvorki útvegað sóknaraðila aðra bifreið til afnota né gistingu á Akureyri vitandi að sóknaraðili væri án bifreiðar á meðan viðgerð hafi staðið. Þá hafi sóknaraðili ekki getað náð frekara sambandi við varnaraðila þar sem þjónustuveri hans hafi verið lokað kl. 17.00 þennan dag. Sóknaraðili hafi brugðið á það ráð að verða sér út um næturgistingu á Húsavík og bjargað sér sjálfur með ferðir fram og til baka til Akureyri. Þann 25. júní hafi sóknaraðili sótt bifreiðina á verkstæði og því haldið för sinni áfram. Degi síðar hafi sóknaraðili á ferðalagi sínu við Mývatn orðið var við að þrjú aðvörunarljós hafi kveiknað í mælaborði bifreiðarinnar og hafi hann í kjölfarið lagt bifreiðinni. Sóknaraðili hafi ítrekað reynt að ná sambandi símleiðis við þjónustuver varnaraðila en án árangurs. Hafi hann þá haft samband við vegþjónustuna Z en símanúmer þess fyrirtækis sé að finna í bókunarstaðfestingu bifreiðarinnar. Hafi starfsmaður vegþjónustunnar einnig reynt að hafa milligöngu milli aðila, en án árangurs.

Sóknaraðili hafi þó fengið leyfi vegabjónustunnar til að aka bifreiðinni til Húsavíkur og hafi hann verið fullvissaður um að varnaraðili myndi hafa samband við hann síðar í því skyni að leysa málin. Sóknaraðili hafi engin viðbrögð fengið frá varnaraðila og endað með að aka bifreiðinni, bilaðri, suður þann 27. júní 2021 og skilað henni til varnaraðila að leigutíma loknum. Þann 30. júní 2021 hafi sóknaraðili sent varnaraðila tölvubréf og krafist endurgreiðslu á leigugjaldinu en ekki fengið viðbrögð frá varnaraðila við þeirri kröfu.

Sóknaraðili byggir á því að hann hafi orðið fyrir umtalsverðum kostnaði vegna bilunar á hinni leigðu bifreið auk þess sem sumarleyfi hans hafi liðið fyrir. Sóknaraðili gerir því þá kröfu að varnaraðila verði gert að endurgreiða sóknaraðila leigugjald samkvæmt leigusamningi aðila að fullu.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili tók á leigu bifreið í eigu varnaraðila, af gerðinni Renault Traffic Campervan, þann 21. júní 2021. Þremur dögum síðar, þann 24. júní 2021, bilaði bifreiðin á leið sóknaraðila um Akureyri. Ekki er að finna upplýsingar í gögnum málsins í hverju bilunin fólst. Bifreiðin var þó dregin að frumkvæði varnaraðila á verkstæði þar sem viðgerð fór fram. Varnaraðili gerði aftur á móti hvorki reka að því að afhenda sóknaraðila aðra bifreið til afnota á meðan viðgerð stóð né útvega honum gistingu yfir nóttina en sóknaraðili nýtti bifreiðina sem svefnstað á meðan leigutíma hennar stóð. Degi síðar fékk sóknaraðili bifreiðina afhenta á ný eftir viðgerð og hélt áfram ferðalagi sínu á bifreiðinni. Þann 26. júní 2021 fóru aðvörunarljós að loga í mælaborði bifreiðarinnar og lagði sóknaraðili þá henni aftur. Sóknaraðili reyndi ítrekað að hafa samband við varnaraðila vegna þess, en án árangurs. Fyrir milligöngu vegabjónustufyrirtæksins Z fékk sóknaraðili leyfi til að keyra bifreiðinni suður þann 27. júní 2021 þar sem henni var skilað til varnaraðila degi síðar.

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóði. Ökutækjaleiga skuli gæta þess að skráningarskyld ökutæki til útleigu séu í góðu ásigkomulagi, hljóti gott viðhald og eftirlit og fullnægi kröfum sem gerðar eru um þau í lögum og reglugerðum. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín á hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóði í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015, svo sem tryggja að leigutaki njóti aðstoðar komi til bilana eða atvika sem hefta eða stöðva för leigutaka og varða ökutækið sjálft.

Fyrir liggur að sóknaraðili leigði bifreið í eigu varnaraðila frá 21. til 28. júní 2021 eða í sjö daga. Bilunar varð vart í bifreiðinni 24. júní 2021 og missti sóknaraðili umráð hennar án þess að honum voru tryggð afnot af annarri bifreið á meðan viðgerð stóð. Þá lýstu aðvörunarljós í mælaborði bifreiðarinnar á ný 26. júní 2021. Í það skiptið náði sóknaraðili ekki sambandi við varnaraðila þrátt fyrir að hafa ítrekað reynt.

Í ljósi framangreinds er fallist á það með sóknaraðila að varnaraðili hafi ekki fullnægt þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt 6. mgr. 6. gr. laga nr. 65/2015 og

1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015. Er því um að ræða galla á hinni seldu þjónustu varnaraðila. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram gögn um frekara tjón vegna þjónustu varnaraðila. Verður sóknaraðila ákveðinn afsláttur að álitum, sem hæfilega er ákveðinn 55.000 krónur, en til þess verður að líta að hann fór með afnot bifreiðarinnar í þrjá daga.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y., ber að greiða sóknaraðila, Z, 55.000 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson